

Samþykktir fyrir Vestfjarðastofu ses.

Heiti, heimili og varnarþing

1. gr.

Stofnunin er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og er nafn hennar Vestfjarðastofa ses. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er á Ísafirði.

Tilgangur og markmið

2. gr.

Tilgangur Vestfjarðastofu ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og veita samræmda og þverfaglega ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaþróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu ses. er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna. Markmiði sínu hyggst Vestfjarðastofa ses. ná með öfluglu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkisvalds og stoðkerfis hins opinbera.

Form og aðild

3. gr.

Aðild að Vestfjarðastofu ses. er með tvennum hætti:

1. Aðilar geta frá árinu 2022 orðið samtök hagsmunaaðila og mennta-, rannsókn- og fagstofnanir sem tengjast starfsviðum stofnunarinnar er stuðla vilja að eflingu atvinnulífs og samfélags á Vestfjörðum. Ný aðild er háð samþykki 2/3 hluta þeirra stofnaðila sem eru fyrir á stofnaðilaskrá og skal nýr aðili greiða framlag sem ákveðið er á fulltrúaráðsfundi og hafa eftir það sama rétt og stofnaðilar.

Stofnendur sjálfseignarstofnunarinnar eru:

- Arnarlax, 580310-0600, Strandgata 1, 465 Bíldudal, 100.000 kr.
- 3X Technology, 5204943329, Sindragata 5, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Háskólasetur Vestfjarða, 610705-0220, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða, 511199-2049, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Arna ehf., 440205-0460, Hafnargata 80, 415 Bolungarvík, 100.000 kr.
- Artic Sea Farm hf., 700807-0450, Suðurgata 12, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Reykhólahreppur 440787-2589, Reykhólar, 380 Reykhólahreppur, 100.000 kr.
- Súðavíkurhreppur, 630269-4589, Grundarstræti 1-2, 420 Súðavík, 100.000 kr.
- Ísafjarðarbær, 540596-2639, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Strandabyggð, 5708060410, Höfðagata 3, 510 Hólmavík, 100.000 kr.
- Tálknafjarðarhreppur, 6402696779, Strandgata 38, 460 Tálknafjörður, 100.000 kr.
- Bolungarvíkurkaupstaður, 480774-0279, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, 100.000 kr.
- ThorVerk ehf., 530686-1329, Reykhólar, 380 Reykhólahreppur, 100.000 kr.
- Kerecis, 651007-0620, Eyrargata 2, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.

- Vesturbyggð, 510694-2369, Aðalstræti 63, 450 Patreksfjörður, 100.000 kr.
- Hótel Ísafjörður, 670575-0399, Silfurtorg 2, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Hraðfrystihúsið Gunnvör, 630169-2249, Hnífsdalsbryggju, 410 Hnífsdalur, 100.000 kr.
- Kaldrananeshreppur, 680169-07119, Holtagötu, 520 Drangnesi, 100.000 kr.
- Marigor, 1010575699, Tjarnarbraut 7, 465 Bíldudalur, 100.000 kr.
- Íslenska kalkþörungafélagið, 680601-2670, Hafnarteigi 4, 465 Bíldudal, 100.000 kr.
- Vesturferðir, 700493-2029, Aðalstræti 7, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Orkubú Vestfjarða, 660877-0299, Pósthólf 220, 400 Ísafjörður, 100.000 kr.
- Kaupfélag Steingrímsfjarðar, 680169-5949, Höfðatúni 4, 510 Hólmavík, 100.000 kr.
- Byggðastofnun, 450679-0389, Ártorg, 550 Sauðárkrúkur, kr. 100.000
- Kampi, 571007-1690, Sindragötu 2, 400 Ísafjörður, kr. 100.000
- Verkís, 611276-0289, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík, kr. 100.000
- Árneshreppur, 430169-0419, Norðurfirði, 524 Árneshreppur, kr. 100.000
- Vallargata ehf, 430216-0660, Heiðargerði 120, 108 Reykjavík, kr. 100.000

Hefur hver stofnaðili lagt 100.000 kr. stofnframlag til félagsins.

2. Hagsmunaaðilar geta orðið þeir lögaðilar sem hafa starfsstöð eða lögheimili á Vestfjörðum og gera þjónustu- eða samstarfssamninga við Vestfjarðastofu gegn föstu árgjaldi er stjórn ákveður. Hagsmunaaðilar hafa málfrelsi og tillögurétt á ársfundum fulltrúaráðs. Halda skal sérstaka skrá yfir stofnaðila og hagsmunaaðila.

Um úrsögn aðila Vestfjarðastofu ses. úr stofnuninni fer skv. lögum um sjálfseignarstofnanir nr. 33/1999.

Stofnfé

4. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er 2.800.000 kr. sem er framlag stofnaðila hennar.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Verkefni

5. gr.

Vestfjarðastofa ses. er stofnuð í því skyni að taka við tilteknum verkefnum sem hingað til hafa verið unnin hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf. og Fjórðungssambandi Vestfirðinga og varða sameiginleg hagsmunamál stofnenda á Vestfjörðum.

Jafnframt getur stofnunin tekið að sér önnur þau verkefni sem samræmast tilgangi hennar og stefnu og stjórn stofnunarinnar kann að ákveða.

Fulltrúaráð

6. gr.

Fulltrúaráð skal starfa í stofnuninni.

Fulltrúaráð Vestfjarðastofu ses. er skipað fulltrúum þeirra sem aðild eiga að stofnuninni. Stofnaðilaskrá hverju sinni jafngildir kjörskrá stofnaðila í fulltrúaráði og fer hver lögaðili með eitt atkvæði á fundum þess og ársfundum stofnunarinnar.

Aðilar eiga hver um sig rétt á að tilnefna einn aðalmann og einn til vara í fulltrúaráðið til tveggja ára í senn.

Skráðir hagaðilar hafa rétt til að skipa 5 fulltrúa í fulltrúaráð með fullan atkvæðisrétt.

Hlutverk fulltrúaráðsins er að vera tengiliður milli aðila og stjórnar eftir því sem við á, fylgjast með rekstri stofnunarinnar og setja stofnuninni nauðsynlegar starfsreglur. Nánar er kveðið á um hlutverk fulltrúaráðsins í einstökum ákvæðum samþykka þessara.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar, stjórnarmenn og starfsmenn mega ekki skipa meiri hluta fulltrúaráðs.

Stjórn getur kallað saman fulltrúaráðsfund þegar á þarf að halda og eins getur þriðjungur aðila að fulltrúaráði knúið á um að fulltrúaráðsfundur sé haldinn.

Formaður stjórnar Vestfjarðastofu ses. boðar fundi fulltrúaráðs. Aðra fundi fulltrúaráðs en ársfund skal boða með að lágmarki viku fyrirvara.

Ársfundur fulltrúaráðs

7. gr.

Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu ses. skal haldinn á tímabilinu apríl til júní ár hvert og tekur stjórn ákvörðun um tímasetningu og fundarstað. Ársfundurinn er almennt opinn öllum en þó er ársfundi heimilt að taka ákvörðun um að fjalla um einstök mál fyrir luktum dyrum, s.s. viðkvæm trúnaðarmál. Ársfund skal boða skriflega með tölvupósti eða bréfi til fulltrúaráðsmanna með að lágmarki 10 daga fyrirvara og með auglýsingum í fjölmiðlum.

Aðalmenn í fulltrúaráði eða varamenn þeirra hafa málfrelsi, tillögurétt og jafnan atkvæðisrétt á ársfundi. Framkvæmdastjóri og stjórnarmenn sem ekki eiga sæti í fulltrúaráði hafa málfrelsi og tillögurétt á ársfundi. Fundarstjóra er heimilt að leyfa fundarmönnum sem ekki eru í fulltrúaráði að taka til máls á ársfundi.

Á ársfundi gerir stjórn grein fyrir starfi stofnunarinnar og leggur fram endurskoðaða ársreikninga til staðfestingar. Endurskoðaðir ársreikningar stofnunarinnar skulu vera aðgengilegir fulltrúaráðsmönnum til kynningar minnst viku fyrir ársfund á innri vef Vestfjarðastofu ses.

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

- Erindi og umræður um málefni sem varðar verkefnasvið Vestfjarðastofu
- Skýrsla stjórnar
- Staðfesting ársreiknings

- Fjárhags- og starfsáætlun kynnt
- Breytingar á samþykktum (ef við á)
- Staðfesting á innri reglum Vestfjarðastofu (ef við á)
- Kosningar:
 - a) Staðfesting á kjöri stjórnarmanna atvinnulífs -og menningar
 - b) Kjör nefnda og fagráða (ef við á)
 - c) Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis
 - d) Kjör starfsháttanefndar (ef við á)
- Ákvörðun um þóknun stjórnar, nefnda og fagráða.
- Önnur mál

Stjórn er heimilt að haga dagskrá ársfundar með öðrum hætti en að ofan greinir enda sé það tilgreint í auglýstri dagskrá. Skylt er þó að taka alla ofangreinda liði fyrir á ársfundi.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á ársfundi nema sérstaklega sé í samþykktum þessum kveðið á um aukinn meirihluta.

Stjórn

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð níu aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Skulu fimm þeirra koma af vettvangi sveitarstjórnarmála en fjórir af vettvangi atvinnulífs og menningar. Stjórnarmenn af vettvangi sveitarstjórna skulu vera þeir sömu og skipa stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stjórnarmenn af vettvangi atvinnulífs- og menningar eru kosnir á fundi hagsmunaaðila og annarra stofnaðila en sveitarfélaga úr fulltrúaráði. Formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga er jafnframt stjórnarformaður Vestfjarðastofu. Falli atkvæði í stjórn jafnt skal atkvæði formanns gilda tvöfalt. Varaformaður Vestfjarðastofu er jafnan af vettvangi atvinnulífs og menningar.

Aðrir stjórnarmenn taka stjórnarsæti í forföllum formanns eða varaformanns. Varamenn í stjórn FV taka sæti í forföllum aðalmanna af vettvangi sveitarstjórnarmála. Áheyrnarfulltrúar í stjórn FV eiga einnig rétt á að sitja sem áheyrnarfulltrúar í stjórn Vestfjarðastofu.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar, þ.m.t. stefnumörkun, markmiðasetningu og fjárreiðum, og kemur fram út á við fyrir hönd stofnunarinnar. Stjórn getur ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði verkefni stofnunarinnar. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar skrifar prókúru og getur veitt framkvæmdastjóra eða öðrum umboð sitt til prókúru. Stjórn áritar ársreikninga ásamt framkvæmdastjóra áður en þeir eru lagðir fyrir ársfund.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Halda skal stjórnarfundi a.m.k. fjórum sinnum á ári. Fulltrúaráð skal setja stjórninni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

Sóknarhópur

9. grein

Sóknarhópur skipa hagsaðilar og stofnaðilar sem gert hafa þjónustusamninga við Vestfjarðastofu.

Hagaðilar geta tilnefnt 5 í fulltrúaráð Vestfjarðastofu.

Sóknarhópur allur velur 4 fulltrúa atvinnulífs og menningar og 4 til vara í stjórn

Vestfjarðastofu úr fulltrúaráði og mynda þeir stjórn Sóknarhóps.

Starfsmenn Vestfjarðastofu geta ekki setið í sóknarhópi. Afl atkvæða ræður málum á fundum ráðsins.

Hlutverk sóknarhóps er að vera stjórn til ráðgjafar við mótun verkefna og þróun á starfsemi stofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri situr fundi sóknarhóps nema hópurinn ákveði annað.

Tillögur sóknarhóps skulu koma til umfjöllunar stjórnar Vestfjarðastofu ses.

Stjórn Vestfjarðastofu getur jafnframt vísað málum til sóknarhóps.

Sóknarhópur skal funda að minnsta kosti tvisvar á ári og halda fundargerðir.

Stjórn og sóknarhópur skulu funda saman að minnsta kosti einu sinni á ári.

Ársfundur hagsmunaaðila og stofnaðila annarra en sveitarfélaga (Sóknarhóps)

10. gr.

Framkvæmdastjóri skal boða fund skráðra hagsmunaaðila og stofnaðila annarra en sveitarfélaga einu sinni á ári hið minnsta. Fundinn skal halda í tengslum við ársfund Vestfjarðastofu ses. en áður en hann fer fram.

Á dagskrá fundarins skal vera:

- Skýrsla stjórnar Sóknarhóps
- Fjárhags og starfsáætlun yfirstandandi starfsárs
- Kjör í fulltrúaráð (5 hagsmunaaðilar)
- Tillaga að stjórnarmönnum atvinnulífs og menningar í stjórn Vestfjarðastofu
- Önnur mál

Starfsháttanefnd

11. gr.

Ársfundur stofnunarinnar kýs starfsháttanefnd sem skipuð er þremur fulltrúum sem kosnir eru til tveggja ára á ársfundi.

Hlutverk starfsháttanefndar er að vera umsagnaraðili um starfsreglur stofnunarinnar, vinna tillögur til ársfundar um breytingar á samþykktum þessum, leggja fram tillögu um fulltrúa í starfsháttanefnd, ásamt því að gera tillögu um þóknun stjórnar og nefnda. Starfsháttanefnd gerir tillögu til stjórnar að siðareglum stjórnar og starfsmanna stofnunarinnar. Ársfundur, stjórn eða fulltrúaráð getur falið starfsháttanefnd önnur verkefni. Fulltrúar í starfsháttanefnd geta ekki jafnframt átt sæti í stjórn stofnunarinnar.

Starfsháttanefnd velur sér formann sem boðar til funda sem halda skal minnst tvisvar á ári.

Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á fundum nefndarinnar.

Fulltrúaráð skal setja starfsháttanefnd starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um verkefni hennar og framkvæmd starfa.

Framkvæmdastjóri

12. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn og vinnur samkvæmt ráðningarsamningi og starfslýsingu, samþykktum þessum og fyrirmælum stjórnar. Hann ber ábyrgð á fjármálum og reikningshaldi stofnunarinnar í umboði stjórnar og annast ráðningu annars starfsfólks. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Framkvæmdastjóri á rétt á að sitja stjórnarfundi stofnunarinnar og ársfund, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum, og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Almennt hæfi

13. gr.

Fulltrúaráðsmenn, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld.

Fjármál

14. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru samningsbundin framlög stofnenda, tekjur samkvæmt þjónustusamningum við sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir, opinber framlög, gjafir, styrkir og annað sjálfsaflafé.

Stofnunin hefur sjálfstæðan fjárhag og ber því ein ábyrgð á skuldbindingum sínum. Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Stjórnin skal gera starfs- og fjárhagsáætlun fyrir stofnunina sem gilda skal í 3–5 ár og árlega kynnt á ársfundi fulltrúaráðs. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur fyrir lok mars ár hvert.

Stjórn skal tilnefna löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki, sem tillögu fyrir ársfund stofnunarinnar, til að endurskoða ársreikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi fulltrúaráðsmanna, stjórnarmanna, nefndarmanna eða starfsmanna stofnunarinnar.

Ef hagnaður verður af rekstri stofnunarinnar skal færa hann yfir á næsta reikningsár. Ef tap verður af rekstri stofnunarinnar skal það greitt úr sjóðum stofnunarinnar eða fært á næsta reikningsár. Stjórn er heimilt að ráðstafa hagnaði af starfsemi Vestfjarðastofu ses. og sérgreindum framlögum til stofnunarinnar til stofnunar sérstakra sjóða með ákveðin verkefni í samræmi við tilgang og markmið stofnunarinnar. Kynna skal slíka sjóðsstofnun fyrir fulltrúaráðsmönnum og staðfesta á næsta ársfundi.

Breytingar á samþykktum og slit stofnunarinnar

15. gr.

Samþykktum þessum má aðeins breyta á ársfundi stofnunarinnar með samþykki 2/3 hluta fulltrúaráðsmanna, svo og samþykki stofnenda sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta stofnfjár, sbr. 36. gr. laga nr. 33/1999. Til að auka skuldbindingar stofnaðila þarf þó samþykki þeirra allra. Tillögur um breytingar á samþykktunum skulu sendar út með fundarboði ársfundar.

Stofnuninni verður aðeins slitið eða hún sameinuð annarri stofnun með ákvörðun skv. 36. gr. laga nr. 33/1999. Verði starfsemi stofnunarinnar hætt og hún lögð niður skal eigum hennar varið til eflingar atvinnulífs, byggðapróunar og menningar á Vestfjörðum.

Önnur ákvæði

16. gr.

Að öðru leyti en því sem kveðið er á um í samþykktum þessum gilda um starfsemi stofnunarinnar ákvæði laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og önnur lagaákvæði er við geta átt.

Samþykkt á framhaldsársfundi Vestfjarðastofu 2021

28.04.2022